

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F122/2022

Reykjavík, 8. nóvember 2022

Þorsteinn Gunnarsson formaður
Kærunefnd útlendingamála
Skúlagötu 17
101 Reykjavík

Í frétt sem birtist á vef Fréttablaðsins 4. nóvember sl. er greint frá atvikum í máli tiltekins umsækjanda um alþjóðlega vernd hér á landi sem var á meðal þeirra 15 einstaklinga sem fluttir voru í lögreglufylgd til Grikklands aðfaranótt 3. nóvember sl. Í fréttinni gerir talsmaður umsækjandans m.a. athugasemdir við birtingu kærunefndar útlendingamála á úrlausn í máli hans og bendir á að í kjölfar breytinga á reglugerð séu ákvarðanir sendar rafrænt til talsmanna umsækjenda. Greinir talsmaðurinn frá því að þar sem hann hafi verið staddur erlendis þegar úrlausnin hafi verið send honum hafi hann ekki getað nálgast skjalið þegar í stað þar sem rafræn skilríki hafi ekki virkað þar sem hann var staddur. Þá hafi frestur til að óska eftir frestun réttaráhrifa verið útrunninn þegar hann gat loks kynnt sér úrlausnina.

Í 4. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 540/2017, um útlendinga, eins og henni var breytt með 1. gr. reglugerðar nr. 841/2022, segir að lögreglan birti útlendingi ákvörðun um brottvísun eða frávísun og henni beri að leiðbeina honum um réttarstöðu hans á tungumáli sem ætla megi með sanngirni að hann geti skilið. Þá kemur þar jafnframt fram að njóti útlendingur aðstoðar löglærðs talsmanns sé Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála heimilt að birta ákvörðun sem tekin sé á grundvelli laga um útlendinga með rafrænum hætti.

Með hliðsjón af framangreindu og með heimild í 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er þess hér með óskað að embættinu verði veittar upplýsingar um eftirfarandi:

1. Hvernig framkvæmd, er snertir umboð löglærðra talsmanna, sé almennt háttað hjá kærunefndinni, og hvort og þá hvaða kröfur séu gerðar til forms og efnis umboðs. Þjóði nefndin upp á staðlað óutfyllt umboð er óskað eftir afriti af slíku skjali.

2. Hvort rétt sé að kærnefnd birti úrskurði almennt eingöngu með rafrænum hætti, við þær aðstæður að útlendingur nýtur aðstoðar löglærðs talsmanns, á grundvelli fyrrgreindrar heimildar í 4. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 540/2017 eða hvort einnig sé boðið upp á annan birtingarkost. Í því sambandi er einnig óskað upplýsinga um hvernig birtingu sé almennt háttað þegar útlendingur nýtur ekki aðstoðar löglærðs talsmanns.
3. Hvort nefndin kannist við það vandamál, sem lýst er í téðri frétt, á þá leið að erfitt geti verið að nálgast úrlausnir nefndarinnar með rafrænum hætti erlendis. Þá er óskað eftir upplýsingum um afstöðu nefndarinnar til þess hvernig heimild til rafrænnar birtingar í 4. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 540/2017 horfi við ef talsmaður greini frá því að tæknilegir örðugleikar hindri hann við að nálgast úrlausnir nefndarinnar með rafrænum hætti.

Þess er óskað að umbeðnar upplýsingar berist umboðsmanni Alþingis eigi síðar en 29. nóvember nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis


Anna Rut Kristjánsdóttir